

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2024

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1042 frá 26. maí 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fólpet í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1049 frá 30. maí 2023 um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fisklýsi, pendímetalín, kindamör og spírótetramat í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1068 frá 1. júní 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýantranilípról í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1069 frá 1. júní 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bixafen, sýpródíníl, fenhexamíð, fenspíroxamíð, fenspýroxímat, flútíaníl, ísoxaflútól, mandíprópamíð, metoxýfenósíð og spínetóram í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 140, 30.5.2023, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 141, 31.5.2023, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 40.

6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32023 R 1042:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1042 frá 26. maí 2023 (Stjtið. ESB L 140, 30.5.2023, bls. 37),
- **32023 R 1049:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1049 frá 30. maí 2023 (Stjtið. ESB L 141, 31.5.2023, bls. 1),
- **32023 R 1068:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1068 frá 1. júní 2023 (Stjtið. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 27),
- **32023 R 1069:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1069 frá 1. júní 2023 (Stjtið. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 40).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32023 R 1042:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1042 frá 26. maí 2023 (Stjtið. ESB L 140, 30.5.2023, bls. 37),
- **32023 R 1049:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1049 frá 30. maí 2023 (Stjtið. ESB L 141, 31.5.2023, bls. 1),
- **32023 R 1068:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1068 frá 1. júní 2023 (Stjtið. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 27),
- **32023 R 1069:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1069 frá 1. júní 2023 (Stjtið. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 40).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2023/1042, (ESB) 2023/1049, (ESB) 2023/1068 og (ESB) 2023/1069, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.